

Gunnhildargerði

Eiríkur Eiríksson skráði.

Skrá yfir örnefni í Gunnhildargerði í Hróarstungu 1970. Hér er aðallega stuðzt við örnefnaskrá Ara Gíslasonar frá 1962. Heimildarmenn hans voru: Anna Ólafsdóttir, f. 1902, húsfreyja í Gunnhildargerði, flutti í Gunnhildargerði 1926 og átti þar heima til 1963, en þá fór jörðin í eyði. Einnig gaf Sigfús Sigmundsson kennari, Blönduhlíð 31, Reykjavík, einhverjar upplýsingar, en ekki sést, hvað það er. Sigfús er fæddur í Gunnhildargerði 1905 og átti þar heima fram um tvítugsaldur.

Nú hefur Þráinn Jónsson framkvæmdastjóri, Lagarfelli, gefið ýmsar nánari upplýsingar, einkum um landamerki. Þráinn er fæddur í Gunnhildargerði 1930 og átti þar heima til 1963. Hann var síðasti ábúandi í Gunnhildargerði.

(Um áttamiðanir: sjá skrá yfir örnefni á Nefbjarnarstöðum, næsta bæ).

Land jarðarinnar er fyrst láglendi upp frá Lagarfljóti, svo tekur við ásaland þar ofar. Bærinn stendur undir austasta ásnnum á sléttu, hólalausú túni.

Þá verða skráð landamerki jarðarinnar eftir sögn Þráins Jónssonar.

Landamerki Gunnhildargerðis og Kirkjubæjar eru: Frá Lagarfljóti forn merkigardur upp að Vörðuhlíð. Þaðan bein lína í framanverða Ytritjörn, þaðan bein lína í Vetrarklett, þaðan bein lína yfir Fornustaðaás í Merkilág. Landamerki Gunnhildargerðis og Nefbjarnarstaða eru: Úr Merkilág (áðurn.) bein lína (NA) út með Stórublá í Hrutahraun. Þar beygir línan þvert austur (SA) og mörkin eru eftir það: Bein lína frá Hrutahrauni austur fyrir utan Illukeldu, þaðan áfram austur framan við Svarðargrafir, þaðan bein lína í Lagarfljót.

Þá verða skráð örnefni í Gunnhildargerði, sem venjulega er kallað Gerði í þessari sveit. **Lagarfljót** (1) er austan við landið og skiptir löndum milli jarðarinnar og jarða í Hjaltastaðapinghá.

Þá verða fyrst talin örnefni í túni og síðan önnur nöfn. Út af íbúðarhúsinu, sem nú er, er svæði, kallað **Háaslétta** (2). Þar út af er víðlent nýræktartún, sem er kallað **Móhústún** (3).

Þar er fjárhús, sem heitir **Móhús** (4). Innan við Móhústún efst er stykki, sem heitir **Rani** (5). Þar inn af er dæld, sem heitir **Lág** (6). Innan við hana er **Helguvöllur** (7). Sagt er, að þar hafi búið einsetukona, sem hét Helga. Kofatóttin var utan við götuna heim að bænum. Innan við Helguvöll var grunn tjörn, nafnlaus. Þar fyrir innan er stykki, kallað **Prístrenda** (8) (var áður útskefja, nú tún). Innan við þetta stykki er stór mýri, sem kölluð var **Breiða** (9). Lítil lækur rennur um túnið, hann kemur úr Vetrarsundi (sjá síðar). Hann er kallaður **Bæjarlækur** (10). Innan við lækinn, beint fram af íbúðarhúsinu, hét **Sauðhústún** (11). Þar stóð fjárhús, kallað **Sauðhús** (12). Gamli bærinn stóð lítinn spöl austan við íbúðarhúsið, sem nú er. Fyrir framan og neðan (S) gamla bæinn er stykki, sem kallað var **Tunga** (13). Þar hallaði að læknum. Utan við gamla túnið (nú í túni) er smáholt. Þar fundust mannabein, líklega gömul dys. Þarna var svo búið um þau, og sést þess merki. Þar er kallað **Leiði** (14). Í bæjarlæknum er **Stóripyttur** (15). Þar voru hlóðir og notaðar til hvalsuðu o. fl.

Neðan við túnið er **Bæjarmýri** (16). Neðan við mýrina er lágur ás, sem heitir **Bæjarás** (17). Norðan á ásnum er **Kvíamór** (18) (nú ræktaður), hjá honum eru **Kvíaklettur** (19). Yzt á Bæjarás eru klettur, sem heita **Drangar** (20). Þar hjá beygir ásinn í átt að Lagarfljóti. Neðan í ásnum, nálægt miðju, er laut, sem heitir **Stekkjjarbotn** (21). Fremri endi Bæjaráss heitir **Bæjarásendi** (22). Innst á Bæjarásnum er **Hádegislág** (23) og nær út ásinn. Framan við hana eru **Hádegisklettur** (24). Innan við Bæjarásinn er smáholt, sem heitir **Vörðuholt** (25).

Að utanverðu, á landamörkum móti Nefbjarnarstöðum, sér votta fyrir gömlum merkigarði niður yfir blána, sem er á milli bæjanna. Blá þessi heitir **Drangablá** (26) (sbr. Dranga áður). Um þessa blá rennur **Drangalækur** (27). Hann er sami lækurinn og Bæjarlækur (fyrirn.). Lækur þessi tekur við vatni úr blánni. Eftir að hann kemur í Nefbjarnarstaðaland, heitir hann Nasalækur (sbr. örnefni á Nefbjarnarstöðum). Við Lagarfljót, nálægt mörkum, er mýrarenni, kallað **Hall** (28). Innan við Hallið eru harðvellisbakkar við Fljótið, kallaðir **Bakkar** (29). Yzt á Bökkunum er **Merkjabotn** (30). Innan við Bakkana og nokkru ofar voru **Beitarhús** (31). Utan við húsin eru **Beitarhúsholt** (32). Innan við húsin er klettur vallgróinn að framan, sem heitir **Smiðjuhóll** (33). Framan við hólinn eru harðvellisenni, kölluð **Ytra-Smiðjuhólsenni** (34) og **Innra-Smiðjuhólsenni** (35). Fram og niður af Smiðjuhól er melhryggur meðfram **Fljótinu** (36), sem heitir **Rimi** (37). Þar var ferjustaður og talað um að „fara yfir á Rimanum“. Beint niður af Beitarhúsunum er **Netjabotn** (38). Þar aðeins utar er **Stóribotn** (39). Undan Netjabotni gengur tangi austur í Fljótið, heitir **Netjatangi** (40). Nokkru innar er **Dýjabotn** (41) við Fljótið. Þar aðeins framar heitir **Nes** (42). Innan við það er svo annar **Merkjabotn** (43).

Niður frá Bæjarás, innarlega, eru hæðir, kallaðar **Höfðar** (44). Innstur er **Stórhöfði** (45). Norðan við hann er **Stórhöfðaker** (46). Innan við Smiðjuhóleninn er allstór mýri, sem heitir **Kjóholtsblá** (47). Þess er getið, að greinileg merki kolagerðar í stórum stíl eru í Smiðjuhólsennum. Þar eru margar kolagrafir.

Neðarlega í Kjóholtsblá er **Kjóholt** (48). Upp af blánni eru Höfðarnir (sjá áður). Framan við Höfðana er **Einarsstekkjjarblá** (49) (nefnd svo hér). Hún er að mestu leyti í Kirkjubæjarlandi, merkigarðurinn (áður.) er rétt framan við Stórhöfða.

Ath. Sr. Jakob, þ.e. sr. Jakob Einarsson frá Hofi, kallaði þessa blá **Einstökublá** (50) eða **Gerðisblá** (51). Í merkjabréfi er hún kölluð **Flutningsmýri** (52).

Athugasemd skrásetjara: Einhver ruglingur er með þetta örnefni. Prentvilla er í Kirkjubæjarskránni og ekki gott að átta sig á því. Einstakablá er á öðrum stað á Kirkjubæ, en þar kannast enginn af núverandi heimildarmönnum við það og ekki heldur hér. Merkjabréfið, sem vitnað er í, veit ég ekki, hvar er niðurkomið. (E.E.)¹

Utan við túnið er svæði, sem heitir **Móar** (53). Þeir ná út að **Illukeldu** (54), sem er stutt frá landamerkjum (sjá um þau) og niður að Drangablá, nú að nokkru leyti ræktaðir.

Hlíðin hér beint upp af bænum heitir **Bæjarhlíð** (55) eða **Gerðishlíð** (56). Yzt á hlíðinni heitir **Hlíðarendi** (57). Bæjarlækurinn rennur niður innarlega á Bæjarhlíð. Þar heitir hann **Myllulækur** (58) (sjá Bæjarlæk í stafrófsskrá). Nokkuð utan við lækinn er í hlíðarbrúninni klettur, sem heitir **Svartiklettur** (59), og út og upp af bæ er **Grásteinsbjarg** (60). Þar á hlíðarbrún er stór steinn, sem heitir **Hnatta** (61). Þá er enn utar hæsti kletturinn í hlíðinni, hann heitir **Galtastaðaklettur** (62). Þar nálægt lá vegur-inn að Galtastöðum ytri. Nokkuð utan við Grásteinsbjarg hefur hlaupið stór skriða úr hlíðinni, þar heitir **Stórahlaup** (63).

Áður en lengra er haldið til norður (NV), skal taka til, sem fyrr var frá horfið. Vörðuholt (áður.) (sem Þráinn Jónsson kannast ekki við sem örnefni), er innan við Bæjarás. Þar inn af er lágt klettabelti, sem heitir **Vörðuhlíð** (64). Út frá henni gengur klettahryggur, sem heitir **Rani** (65). Ofan við Ranann eru svarðargrafir.

Hjallinn upp af Vörðuhlíð heitir **Kolahjalli** (66). Þar nálægt voru slægjublettir, kallaðir **Kolahjallablettir** (67). Þar inn af eru háir klettur, kallaðir **Hestar** (68). Um þá eru landamerki móti Kirkjubæ. Ofan við Hestana er sund, sem heitir **Mjósund** (69). Í sundinu er **Ytritjörn** (70) (sjá landam.). Spölkorn utan við tjörnina er hæð í sundinu, sem heitir

¹ Í Landamerkjabók Norður-Múlasýslu er sagt, að landamerki Kirkjubæjar að norðan liggi yfir svonefnda Hesta og þá eftir gömlum garði yfir Flutningsmýri beint í Lagarfljót. (G.S.M.)

Kirkjuholt (71). Ofan við Mjósund er stór ás, sem heitir **Gatnaás** (72). Hann nær að Myllulæk og út af honum er Gerðishlíð (sjá áður). Austan í Gatnaás er vegurinn í Gerði, að innan. Í ásendanum við Myllulæk er **Mylluklettur** (73). Vestur af Gerðishlíð er hæð, sem heitir **Hraun** (74). Innan við það er laut, sem heitir **Myllubotn** (75). Við Myllubotn er klettanibba, sem heitir **Hraunsnef** (76). Ofan við Gatnaás er mýrarsund, sem heitir **Vetrarsund** (77). Í sundinu á landamörkum er klettur, sem heitir **Vetrarklettur** (78) (sjá landam.). Utan við sundið er **Vörðuhraun** (79). Úr sundi þessu kemur Myllulækur (fyrrn.). Ofan við sundið er stór ás, **Fornustaðaás** (80) (eða **Fornastaðaás** (81)). Rústirnar eru í Kirkjubæjarlandi. Á Fornustaðaás eru hæðir, sem heita **Ytra-Sjónarhraun** (82) og **Innra-Sjónarhraun** (83). Norðan á ásnum er **Merkilág** (84) (sjá landam.).

Þess skal að lokum getið, að jörðin hefur verið í ábúð sömu ættar frá síðara hluta 18. aldar. Jörðin var eign Kirkjubæjarkirkju þar til 1920 eða þar um bil.

Sigfús Sigmundsson (áður.) getur líklega gefið nánari upplýsingar um örnefni í Gunnhildargerði og Nefbjarnarstöðum.

Ath. Út af Fornustaðaás er klettahæð á landamörkum Gerðis og Nefbjarnarstaða, sem heitir **Hrútahraun** (85) (sjá landam.).

Stafrófsskrá örnefna

| | |
|-----------------------------------|---------------------------|
| Bakkar 29 | Leiði 14 |
| Beitarhús 31 | Merkilág 84 |
| Beitarhúsaholt 32 | Merkjabotn 30 |
| Breiða 9 | Merkjabotn 43 |
| Bæjarás 17 | Mjósund 69 |
| Bæjarásendi 22 | Móar 53 |
| Bæjarhlíð 55 = 56 | Móhús 4 |
| Bæjarlækur 10 | Móhústún 3 |
| Bæjarmýri 16 | Myllubotn 75 |
| Drangablá 26 | Mylluklettur 73 |
| Drangalækur 27 | Myllulækur 58 |
| Drangar 20 | Nes 42 |
| Dýjabotn 41 | Netjabotn 38 |
| Einarsstekkjarblá 49 = 50, 51, 52 | Netjatangi 40 |
| Einstakablá 50 = 49, 51, 52 | Rani 5 |
| Fljótið 36 | Rani 65 |
| Flutningsmýri 52 = 49, 50, 51 | Rimi 37 |
| Fornastaðaás 81 = 80 | Sauðhús 12 |
| Fornustaðaás 80 = 81 | Sauðhústún 11 |
| Galtastaðaklettur 62 | Sjónarhraun, Innra- 83 |
| Gatnaás 72 | Sjónarhraun, Ytra- 82 |
| Gerðisblá 51 = 49, 50, 52 | Smiðjuhóll 33 |
| Gerðishlíð 56 = 55 | Smiðjuhólsenni, Innra- 35 |
| Grásteinsbjarg 60 | Smiðjuhólsenni, Ytra- 34 |
| Háaslétta 2 | Stekkjarbotn 21 |
| Hádegisklettur 24 | Stórahlaup 63 |
| Hádegislág 23 | Stórhöfðaker 46 |
| Hall 28 | Stórhöfði 45 |
| Helguvöllur 7 | Stóribotn 39 |
| Hestar 68 | Stóripyttur 15 |
| Hlíðarendi 57 | Svartiklettur 59 |
| Hnatta 61 | Tunga 13 |
| Hraun 74 | Vetrarklettur 78 |
| Hraunsnef 76 | Vetrarsund 77 |
| Hrútahraun 85 | Vörðuhlíð 64 |
| Höfðar 44 | Vörðuholt 25 |
| Illakelda 54 | Vörðuhraun 79 |
| Innra-Sjónarhraun 83 | Ytra-Sjónarhraun 82 |
| Innra-Smiðjuhólsenni 35 | Ytra-Smiðjuhólsenni 34 |
| Kirkjuholt 71 | Ytritjörn 70 |
| Kjóholt 48 | Þrístrenda 8 |
| Kjóholtsblá 47 | |
| Kolahjallablettir 67 | |
| Kolahjalli 66 | |
| Kvíaklettur 19 | |
| Kvíamór 18 | |
| Lág 6 | |
| Lagarfljót 1 | |